

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

18. október 2017 kl. 8:15

Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson fulltrúi foreldra, Alfreð Gústaf Maríusson, fulltrúi starfsmanna, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Smári Þorbjörnsson, fulltrúi kennara, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins og Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda.

Fundarritari: María Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. Starfsáætlun

Starfsáætlun kynnt. Farið yfir hvað felst í henni. Starfsáætlun var send til fulltrúa í skólaráði. Kom fram að listi frá foreldrafélaginu er ekki réttur en breytingar hafa orðið á stjórn foreldrafélags en tveir hafa farið úr stjórn. Þessar breytingar voru lagfærðar. Starfsáætlun verður sett inn á heimasíðu skólans.

Rætt um fjármagn til skólanna vegna vettvangsferða. Þorvar ætlar að hitta sviðsstjóra menntasviðs og athuga hvort hægt sé að koma þessum lið inn aftur í fjárhag skólanna, þannig að skólinn geti haldið úti ýmsum vettvangsferðum. Rætt um að það þurfi að virkja foreldra meira í svona ferðir til aðstoðar. Starfsáætlun var samþykkt.

2. Önnur mál:

Reglur og eftirfylgni með notkun snjalltækja og síma í frímínútum

Bannað er að nota snjalltæki í skólanum nema með sérstöku leyfi kennara. Símar eiga að vera í skólatöskunum. Fram kom að það þarf að skerpa á skólareglunum og að það komi skýrt fram í vikupósti að símar séu ekki leyfðir í skólanum og þar með talið í frímínútum og rútum. Foreldrar þurfa að taka ábyrgð á notkun snjalltækja hjá sínu barni. Umræða um að foreldrafélagið hefji umræður um málið með foreldrum. Foreldrafélagið hefur verið í samstarfi við Spjaldtölvuteymi Kópavogs og heldur því áfram.

Upplýsingagjöf til foreldra með heildarniðurstöðum úr samræmdum mælingum hvers árgangs á landsvísu, samanber úr samræmdum prófum og lesfimi.

Þegar niðurstöður koma fá foreldrar niðurstöður síns barns. Niðurstöður lesfimisprófs hafa borist foreldrum. Ósk um að birta niðurstöður skólans en málið hefur margar hliðar. Þessi próf eru hugsuð sem upplýsingagjöf til foreldra um hvar barn þess er statt.

Skólalóðin

Það er verkefni í bænum sem heitir Skemmtilegri skólalóðir þar sem úthlutað er fjármagn til að bæta lóðir skóla. Vatnsendaskóli og Hörðuvallaskóli fá ekki úr þessum

sjóði því þeir eru nýir skólar. Rætt um að „Okkar Kópavogur“ sé ósanngjarnt verkefni því við kjósum á sama svæði og Hörðuvallaskóli en það eru miklu fleiri íbúar í því hverfi. Umræða um að það þurfi að skilgreina þetta verkefni betur.

Guðrún Soffía sendi bréf á garðyrkjustjóra Kópavogs og fór yfir málefni skólalóðarinnar hér. Garðyrkjustjóri mætti í Vatnsendaskóla og farið verður í viðgerðir á tækjum hér á skólalóðinni í vetrarfríi.

Skólaráð Vatnsendaskóla sendir bréf til Önnu Birnu um skólalóð Vatnsendaskóla þar sem hvatt er til að lokið verði við skólalóðina. Þorvar, formaður foreldrafélagsins og Guðrún Soffía skólastjóri skrifa undir bréfið.

Fundi slitið kl. 9:35